

Sjálfsmatsskýrsla

Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri

2021-2022



Efnisyfirlit

1.0 Inngangur.....	2
2.0 Forsendur innra mats.....	2
2.1. Lagalegur grunnur.....	2
2.2 Markmið.....	2
2.3 Framkvæmd	2
2.4. Áætlun um innra mat Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri.....	3
3.0 Skólapúlsinn - Nemendakönnun	3
3.1 Virkni nemenda í skólanum	3
3.1.1 Úrbótaáætlun í tengslum við virkni nemenda	5
3.2 Líðan og heilsa.....	6
3.2.1 Úrbótaáætlun í tengslum við líðan og heilsu nemenda	7
3.3 Skóla- og bekkjarandi	7
3.3.1 Úrbótaáætlun í tengslum við skóla- og bekkjaranda	7
3.4 Samantekt úr opnum svörum nemenda	8
3.4.1 Umbótaáætlun í tengslum við það sem betur má fara að mati nemenda	8
3.5 Samantekt úr nemendakönnun skólaárið 2021-2022	9
4.0 Skólapúlsinn - Foreldrakönnun	9
4.1 Nám og kennsla.....	9
4.2 Velferð nemenda	10
4.3 Aðstaða og þjónusta	10
4.4 Foreldrasamstarf.....	11
4.5 Heimastuðningur	12
4.6 Opin svör	12
4.7 Samantekt á foreldrakönnun Skólapúlsins	12
5.0 Íslenska æskulýðskönnunin.....	13
5.1 Lykiltölur 4. bekkjar.....	13
5.2 Lykiltölur 6., 8., og 10. bekkjar	14
5.3 Samantekt úr íslensku æskulýðskönnuninni.....	16
6.0 Rannsókn og greining – Ungt fólk 2021	16
7.0 Maskínukönnun - vinnustaðagreining Árborgar	16
8.0 Ytra mat.....	17
9.0 Samantekt	17

1.0 Inngangur

Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri (BES) skiptist í tvær starfsdeildir, 7. - 10. bekkur eru staðsettir á Eyrarbakka en 1. - 6. bekkur eru staðsettir á Stokkseyri. BES er einsetinn heildstæður skóli með u.þ.b. 145 nemendur í upphafi skólaárs 2021 og svipaðan fjölda nemenda að vori 2022. Nemendur koma úr þéttbýliskjörnunum Eyrarbakka og Stokkseyri ásamt nálægu þéttbýli og dreifbýli. Í þessari skýrslu verður greint frá niðurstöðum í Skólapúlsinum 2021-2022, bæði nemendakönnun og foreldrakönnun, ásamt helstu niðurstöðum úr könnun íslensku æskulýðsrannsóknarinnar sem framkvæmd var á vormánuðum 2022 og niðurstöðum maskínukönnunar sem er könnun meðal starfsmanna sveitarfélagsins Árborgar.

MASKÍNA

2.0 Forsendur innra mats

2.1. Lagalegur grunnur

Í lögum um grunnskóla nr. 98/2008 er í kafla VII, 36. Gr. er kveðið á um að hver grunnskóli meti með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Þetta er gert með innra mati á hverju ári.

2.2 Markmið

Markmið með mati á skólastarfi samkvæmt 35. gr. laga um grunnskóla er að:

- a) veita upplýsingar um skólastarf, árgangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda,
- b) tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla,
- c) auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,
- d) tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

2.3 Framkvæmd

Innra mat skólans byggir á margvíslegum könnunum. Nemendakannanir á vegum Skólapúlsins eru framkvæmdar árlega en foreldra- og starfsmannakannanir annað hvert ár. Á skólaárinu 2021-2022 var gerð foreldrakönnun en starfsmannakönnun var framkvæmd á skólaárinu 2020-2021. Þá var gerð könnun á vegum Rannsóknar og greiningar í febrúar 2022 þar sem líðan nemenda í 8. - 10. bekk var skoðuð, Maskína framkvæmdi starfsmannakönnun meðal allra starfsstöðva sveitarfélagsins Árborgar. Ekki var gerð Olweusarkönnun á árinu en stefnt er að fyrirlögn skólaárið 2023-2024.

2.4. Áætlun um innra mat Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri

Áætlun um innra mat og umbætur er gerð til þriggja ára í senn. Hér má sjá áætlun um gagnaöflun innra mats til 2025.

Innra mat	2022-2023	2023-2024	2024-2025
Unnið með niðurstöður sjálfsmats fyrri ára	x	x	x
Skólapúlsinn lagður fyrir nemendur í 6.-10. bekk	x	x	x
Skólapúlsinn lagður fyrir starfsfólk	x		x
Skólapúlsinn lagður fyrir foreldra		x	
Olweusarkönnun um einelti í 5. - 10. bekk		x	x
Kennslukannanir í 7. - 10. bekk		x	x
Ungt fólk (Rannsóknir og greining)	x	x	x

3.0 Skólapúlsinn - Nemendakönnun

Nemendur í 6. - 10. bekk svöruðu spurningalista Skólapúlsins í október 2021 og apríl 2022. Heildarsvarhlutfall var 90,4% . Hér í næstu köflum verður farið yfir helstu niðurstöður, breytingar frá fyrri árum og hvernig BES sker sig frá samanlagðri útkomu annarra skóla sem tóku þátt. Lögð verður áhersla á að skoða þá þætti þar sem niðurstöður BES skera sig frá niðurstöðum heildarinnar. „Munur uppá 0,5 stig telst ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur. “

Viðhorf nemenda má sjá betur í myndunum í undirköflum 3. kafla, sem svör við spurningum sem mynda matsþátt. Sérstök áhersla er lögð á þau svör sem bera með sér tölfræðilega marktækan mun á dreifingu skv. kí-kvaðrat-prófi.* Hver liður hefur ákveðna matsþætti og hver matsþáttur er metinn eftir svörum nemenda við fjölmörgum spurningum.

Taka verður fram að aðstæður unglingastigs BES til kennslu þetta skólaár voru mjög erfiðar. Um áramótin flutti unglingastigið í Rauða húsið sem er veitingastaður á þremur hæðum og húsakostur mjög takmarkaður. Einnig var kennt í félagsheimilinu Stað sem er jafnframt íþróttahús skólans. Skóli er ekki húsnæðið heldur fólkið í skólanum en ljóst er að aðstæðurnar voru mjög krefjandi.

3.1 Virkni nemenda í skólanum

Matsþættir þessa liðs eru ánægja af lestri, þrautseigja í námi, áhugi á stærðfræði, ánægja af náttúrufræði, trú á eigin vinnubrögð í námi og trú á eigin námsgetu. Nemendur BES eru fyrir neðan meðaltal í öllum flokkum og fór lækkanði í öllum liðum milli ára nema hvað varðar náttúrufræði. Áhugi á stærðfræði er marktækt lægri en á landsvísu og trú á eigin vinnubrögð í námi og námsgetu er einnig marktækt lægri en gerist á landsvísu. Sem er sama niðurstaða og árið á undan.


- Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri
- Landið

1. Virkni nemenda í skólanum


Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja af lestri	3,7	120	-0,4	4,4	16.560	-0,7*
1.2. Þrautseigja í námi	3,6	121	-0,3	4,5	16.652	-0,9*
1.3. Áhugi á stærðfræði	3,8	121	-0,0	4,8	16.891	-1,0*
1.4. Ánægja af náttúrufræði	4,1	119	-0,4	4,5	16.877	-0,4*
1.5. Trú á eigin vinnubrögð í námi	3,3	117	-0,4	4,4	16.645	-1,1*
1.6. Trú á eigin námsgetu	4,0	118	-	4,9	16.854	-0,9*

- Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri
- Landið

Áhugi á stærðfræði - Ársmeðaltöl:



Trú á eigin vinnubrögð í námi:



3.1.1 Úrbótaáætlun í tengslum við virkni nemenda

Árangur af þeirri breytingu sem var gerð á skólaárinu hvað varðar stærðfræði- og íslenskukennslu skilaði ekki þeim árangri sem vonast var eftir og því ljóst að frekari úrbóta er þörf.

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Mat
Að auka ánægju af lestri	Finna lestrarefni eftir áhugasviði hvers nemanda. Endurskoða lestrarstefnu skólans.	Umsjónarkennarar, teymi, skólastjórnendur og heimilin.	2021	Aldrei	Skólapúls Skimanir
Að auka þrautseigju í námi	Námslegur stuðningur m.a. með teymiskennslu og sérsniðinni eflingu.	Umsjónarkennarar, stoðþjónusta, Náms- og starfsráðgjafi, skólastjórnendur og heimilin.	2021	Aldrei	Skólapúls
Að auka áhuga á stærðfræði	Fjölbreyttari verkefni og námsmat. Nýr stærðfræðikennari í teymi.	Umsjónarkennarar, teymi, stoðþjónusta, skólastjórnendur og heimilin.	2021	Aldrei	Skólapúls
Að efla trú á eigin vinnubrögð í námi	Námsráðgjöf fyrir nemendur	Náms- og starfsráðgjafi, teymin, skólastjórnendur og heimilin.	2021	Aldrei	Skólapúls
Að efla trú á eigin námsgetu	Námslegur stuðningur m.a. með teymiskennslu og sérsniðinni eflingu	Náms- og starfsráðgjafi, teymin, skólastjórnendur og heimilin.	2021	Aldrei	Skólapúls

3.2 Líðan og heilsa


Matsþættir þessa liðs eru sjálfsálit, stjórn á eigin lífi, vellíðan, áhyggjur og stress, einelti, tíðni og staðir eineltis, tíðni hreyfingar og hollt mataræði.

2. Líðan og heilsa

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Sjálfsálit	3,5	116	0,0	4,3	16.581	-0,8*
2.2. Stjórn á eigin lífi	3,5	116	-0,4	4,3	16.537	-0,8*
2.3. Vellíðan	3,8	115	0,1	4,3	16.732	-0,5*
2.4. Áhyggjur og stress - ástæður	-	42	-	-	-	-
2.5. Einelti	6,0	116	0,1	5,6	16.708	0,3*
2.6. Tíðni eineltis	20,7%	24/116	-2,7%	14,6%	2505/16639	6,1%*
2.7. Staðir eineltis	-	24	-	-	-	-
2.8. Tíðni hreyfingar - 2 í viku eða oftar	24,8%	28/113	-2,1%	44,4%	7254/16290	-19,6%*
2.9. Hollt mataræði	3,8	114	-0,2	4,6	16.431	-0,8*

Sjálfsálit, stjórn á eigin lífi og vellíðan nemenda í BES er lægra en almennt gerist á landsvísu. Einelti er til staðar en tíðni eineltis virðist fara áfram lækkandi milli skólaára.

Tíðni eineltis - Ársmeðaltöl:



3.2.1 Úrbótaáætlun í tengslum við líðan og heilsu nemenda

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Mat
Að efla sjálfsálit/sjálfsstrau st nemenda.	Nýta stefnu skólans og nota eflandi kennsluhætti.	Allir starfsmenn, skólastjórnendur og heimilin.	2021	Aldrei	Skólapúls Skimanir.
Að draga úr kvíða og streitu nemenda.	Með öflugri nemendapjónustu og samstarfi við heimilin.	Umsjónarkennarar, teymi, náms- og starfsráðgjafi, skólastjórnendur og heimilin.	2021	Aldrei	Skólapúls Skimanir
Að draga úr einelti.	Með fræðslu og með því að taka á eineltismálum sem upp koma.	Náms- og starfsráðgjafi, skólastjórnendur og heimilin. Olweusarteymið	2021	Aldrei	Skólapúls
	Með því að efla Olweusarteymið	Skólastjórnendur og Olweusarteymið	2021	Aldrei	Skólapúls

3.3 Skóla- og bekkjarandi

Matsþættir þessa liðs eru samsömun við nemendahópinn, samband nemenda við kennara, agi í tímum, virk þátttaka nemenda í tímum og tíðni leiðsagnarmats.

3. Skóla- og bekkjarandi

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Samsömun við nemendahópinn	4,2	115	-0,4	4,8	16.405	-0,6*
3.2. Samband nemenda við kennara	3,9	115	0,1	4,8	16.613	-0,9*
3.3. Agi í tímum	3,7	115	-0,2	4,9	16.595	-1,2*
3.4. Virk þátttaka nemenda í tímum	4,2	114	-0,2	4,9	16.552	-0,7*
3.5. Tíðni leiðsagnarmats	5,0	114	-0,1	4,9	16.550	0,1

Það er marktæk lakari niðurstaða á milli nemenda BES og annarra nemenda í sambærilegum skólum á landsvísu hvað þessi þætti varðar fyrir utan tíðni leiðsagnarmats sem BES stendur sig vel í. Leiðsagnarmat, sem felst m.a. í betri endurgjöf frá kennurum til nemenda, heldur áfram að fá hærri einkunn í BES heldur en almennt á landsvísu og er það ánægjulegt.

3.3.1 Úrbótaáætlun í tengslum við skóla- og bekkjaranda

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Mat
Að auka samsömun í bekkjum.	Nýta teymiskennslu til að búa til fjölbreyttari hópa. Fræðsla um fjölbreytileika	Allir kennarar, starfsmenn, skólastjórnendur og heimilin.	2021	Aldrei	Skólapúls Skimanir.

Að efla samband nemenda og kennara.	Nýta einkunnarorð skólans. Gera bekkjarsáttmála. Efla traust og virðingu með fræðslu.	Umsjónarkennarar, teymi, náms- og starfsráðgjafi, skólastjórnendur og heimilin.	2021	Aldrei	Skólapúls
Að efla jákvæðan aga í tímum.	Nýta einkunnarorð skólans. Gera bekkjarsáttmála. Fræðsla um jákvæða eflingu.	Umsjónarkennarar, teymi, náms- og starfsráðgjafi, skólastjórnendur og heimilin.	2021	Aldrei	Skólapúls
Að efla leiðsagnarmat.	Fræðsla um leiðsagnarmat fyrir kennara og nemendur. Setja inn vörður yfir skólaárið þar sem nemendur fá formlegt leiðsagnarmat.	Stjórnendur og allir kennarar.	2021	Aldrei	Skólapúls
Styrkja skólasýn.	Vinna með skólasýn BES og skýra stefnu skólans.	Stjórnendur, kennarar, starfsfólk, nemendur, foreldrar, nærsamfélag.	2021	Aldrei	Skólapúls, skýrsla um vinnslu skólasýnar/stefnu.

3.4 Samantekt úr opnum svörum nemenda

Þegar nemendur voru beðnir að lýsa því sem þeim finnst sérstaklega gott við skólann voru mjög margir sem nefndu vini, góða kennara og frímínúturnar. Þegar nemendur voru beðnir að lýsa því sem þeim þætti slæmt eða betur mætti fara í skólanum nefndu margir matarmálin og húsnaðið. Eins og fram hefur komið fór kennsla á unglingastigi BES fram á veitingastað og félagsheimili frá áramótum sem hafði veruleg áhrif á nemendahópinn.

3.4.1 Umbótaáætlun í tengslum við það sem betur má fara að mati nemenda

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Mat
Að virkja betur nemendaráðið.	Að fulltrúar nemendaráðs kalli eftir umræðuefni á fundi nemendaráðs frá samnemendum.	Stjórnendur, umsjónarmaður nemendaráðs, nemendaráð.	2021	Aldrei	Skólapúls

Að halda formleg nemendaping reglulega um skólamál með nemendum. (Þjóðfundastíll)	Skipuleggja nemendaping 1-2 á ári.	Skólastjórnendur	2021	Aldrei	Skólapúls
Að gæta að hollustu í mötuneyti og gæðum hráefnis.	Skoða matseðla, fara yfir innkaup og ræða við matráð.	Skólastjórnendur	2021	Aldrei	Skólapúls

3.5 Samantekt úr nemendakönnun skólaárið 2021-2022

Þegar niðurstöður þessarar nemendakönnunar eru dregnar saman má sjá að margt þarf að bæta. Það skal þó tekið fram að tímasetning könnunarinnar skiptir miklu máli þar sem þegar könnunin er framkvæmd í október geysar heimsfaraldur ennþá eins og fyrra skólaár og í apríl var BES í slæmum húsnæðismálum vegna myglu sem kom upp í skólanum á Eyrarbakka og í gamla skólanum á Stokkseyri. Gera má ráð fyrir að þessi atriði hafi áhrif á niðurstöður kannanna en skýri þó ekki alla liði kannanna. Einnelti samkvæmt þessum niðurstöðum er til staðar en fer áfram minnkandi milli ára. Samskiptateymi verður virkjað strax á haustmánuðum undir handleiðslu teymisstjóra.

4.0 Skólapúlsinn - Foreldrakönnun

Foreldrakönnun Skólapúlsins var lögð fyrir febrúar 2022. Fjöldi þátttakenda voru 98 en 60 svöruðu könnuninni sem er svarhlutfall uppá 61,2%. Könnunin er í 6 liðum, nám og kennsla, velferð nemenda, aðstaða og þjónusta, foreldrasamstarf, heimastuðningur og opin svör foreldra. Í þessum kafla verður farið yfir helstu niðurstöður könnunarinnar.

4.1 Nám og kennsla

Í myndinni hér fyrir neðan má sjá matsþætti þessa liðs. Foreldrar meta tvo liði af fjórum marktækt lægri en á landsvísu. Foreldrar í BES telja þyngd námsefnis hæfilegt en aga verulega ábótavant.

1. Nám og kennsla

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum	4,4	58	0,3	5,4	2.880	-1,0*
1.2. Ánægja foreldra með stjórnun skólans	84,6%	44/52	14,3%	91,5%	2429/2668	-6,9%
1.3. Hæfileg þyngd námsefnis í skólanum að mati foreldra	87,3%	48/55	11,5%	86,4%	2417/2788	0,9%
1.4. Hæfilegur agi í skólanum að mati foreldra	60,4%	32/53	1,6%	77,6%	2044/2626	-17,2%*

4.2 Velferð nemenda

Í þessum lið er fjallað um velferð nemenda og m.a. ánægju foreldra með þætti sem varða líðan nemenda við ýmsar aðstæður.

2. Velferð nemenda

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur	4,2	51	0,4	4,9	2.618	-0,7*
2.2. Ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda	77,2%	44/57	-1,9%	89,1%	2450/2712	-11,9%*
2.3. Líðan nemenda í skólanum að mati foreldra almennt	80,4%	45/56	-7,0%	92,0%	2663/2878	-11,6%*
2.4. Líðan nemenda í kennslustundum að mati foreldra almennt	82,1%	46/56	-3,8%	92,3%	2654/2863	-10,2%*
2.5. Líðan nemenda í frímínútum að mati foreldra almennt	86,0%	49/57	-1,0%	91,5%	2609/2849	-5,5%
2.6. Umfang eineltis í skólanum að mati foreldra	19,3%	11/57	7,9%	9,6%	268/2829	9,7%*
2.7. Ánægja foreldra með úrvinnslu skólans á eineltismálum	53,8%	7/13	0,9%	57,9%	236/427	-4,1%
2.8. Ánægja foreldra með hraða á úrvinnslu skólans á eineltismálum	36,4%	4/11	-28,3%	51,7%	216/428	-15,3%
2.9. Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans	73,2%	30/41	-11,7%	79,5%	1309/1630	-6,3%
2.10. Meðaltímabil eineltis	1,6	14	-0,1	1,4	478	0,2
2.11. Staðir innan skólans sem einelti á sér stað	-	14	-	-	-	-

Ánægja foreldra í BES virðist almennt lakari en á landsvísu, ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur hefur þó aukist sem og ánægja foreldra með úrvinnslu skólans á eineltismálum. Það er ljóst að BES þarf að efla samstarf við foreldrasamfélagið og bæta ímynd skólans til foreldra.

4.3 Aðstaða og þjónusta

Í þessum lið er fjallað um aðstöðu og þjónustu, ánægju foreldra með aðstöðu í skólanum, tómstundabjónustu og mötuneyti.

3. Aðstaða og þjónusta

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum	2,8	53	-1,7	5,7	2.759	-2,9*
3.2. Ánægja foreldra með tómstundaþjónustu	4,1	35	-0,2	5,2	1.650	-1,1*
3.3. Hlutfall nemenda í tómstundaþjónustu/frístundaheimili	66,1%	39/59	7,3%	58,1%	1744/2822	8,0%
3.4. Ástæður fyrir því að nemendur nýta ekki tómstundaþjónustu	-	20	-	-	-	-
3.5. Ánægja foreldra með máltíðir í mötuneyti	56,0%	28/50	1,8%	75,8%	2032/2590	-19,8%*
3.6. Notkun á mötuneyti	87,9%	51/58	13,6%	92,5%	2675/2859	-4,6%*
3.7. Ástæður þess að nemendur nýta ekki mötuneyti	0%	0/7	-	2,7%	7/183	-2,7%

Foreldrar eru ánægðir með hlutfall nemenda sem nýta sér tómstundaþjónustu og jákvæð breyting er milli ára með notkun á mötuneyti og ánægju foreldra með máltíðir í mötuneyti. Þrátt fyrir að ánægja með máltíðir í mötuneyti hafi aukist er hún marktækt minni en á landsvísu.

4.4 Foreldrasamstarf

Í þessum lið er fjallað um foreldrasamstarf, frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi og hina ýmsu innviði skólastarfsins.

4. Foreldrasamstarf

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
4.1. Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi	4,6	56	-0,9	4,7	2.715	-0,1
4.2. Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur	54,0%	27/50	1,3%	59,7%	1440/2315	-5,7%
4.3. Leitað eftir tillögum frá foreldrum og ábendingar teknar til greina	62,8%	27/43	10,5%	69,3%	1389/1954	-6,5%
4.4. Þættir í skólastarfinu sem foreldrar hafa áhrif á	-	46	-	-	-	-
4.5. Þættir í skólastarfinu sem foreldrar vilja hafa meiri áhrif á	-	35	-	-	-	-
4.6. Ánægja með síðasta foreldraviðtal	87,3%	48/55	1,1%	95,4%	2619/2735	-8,1%*
4.7. Málefni sem rædd voru í síðasta foreldraviðtali	-	58	-	-	-	-
4.8. Þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar með nemandanum	45,1%	23/51	-16,4%	56,7%	1377/2438	-11,6%
4.9. Mikilvægi þess að gera námsáætlun með nemandanum að mati foreldra	92,0%	46/50	2,7%	85,4%	1854/2178	6,6%
4.10. Ánægja foreldra með heimasíðu skólans	78,2%	43/55	11,5%	81,1%	2170/2669	-2,9%
4.11. Foreldrar upplýstir um stefnu skólans og námskrá	84,2%	48/57	18,5%	72,9%	2116/2821	11,3%

Flestir þættir þessa liðar sýna jákvæðar breytingar milli ára. Skólinn þarf að bæta framkvæmd foreldraviðtala en það er sá liður sem foreldrar meta marktækt lægra en á landsvísu.

4.5 Heimastuðningur

Í þessum lið er fjallað um heimastuðning, virkni foreldra í námi barna sinna, vilja nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í námi og væntingar foreldra varðandi næsta skólastig.

5. Heimastuðningur

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
5.1. Virkni foreldra í námi barna sinna	4,8	56	-0,1	5,0	2.741	-0,2
5.2. Vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu	3,6	56	-0,9	4,0	2.717	-0,4*
5.3. Hæfileg heimavinna að mati foreldra	75,0%	42/56	17,1%	76,1%	1844/2402	-1,1%
5.4. Tími sem foreldrar aðstoða við heimanám	55,6%	30/54	-4,4%	57,2%	1504/2615	-1,6%
5.5. Væntingar foreldra um háskólanám	60,5%	26/43	5,1%	70,8%	1481/2090	-10,3%
5.6. Væntingar foreldra um iðnnám	23,3%	10/43	4,1%	17,4%	356/2090	5,9%

Virkni foreldra í námi barna sinna er nánast á pari við síðustu foreldrakönnun, vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í námi sínu virðist fara niður á við. Foreldrar meta heimavinnu nokkuð hæfilega og hefur orðið jákvæð breyting á mati foreldra milli kannanna. Væntingar foreldra til iðnnáms í kjölfar grunnskóla eru mun meiri en væntingar foreldra um háskólanám en væntingar foreldra til áframhaldandi náms hafa aukist milli ára.

4.6 Opin svör

Í þessum lið fengu foreldrar tækifæri á að lýsa því sem þeim þætti gott við skólann, hvað betur mætti fara og koma á framfæri ábendingum varðandi heimasíðu skólans. Áberandi var í svörum foreldra hversu ánægðir þeir voru með stjórnendur, kennara og það hversu vel börnunum liði í skólanum. Foreldrar telja stærð skólans gera það að verkum að haldið sé vel utan um nemendur og þeim sé mætt á þeim stað þar sem þeir eru. Það sem foreldrar telja helst fram hvað megi betur fara er húsnæðiskostur á Eyrarbakka, mötuneytismál og íþróttaðstaða. Þá telja foreldrar einnig að taka þurfi betur á agamálum. Engar sértækar ábendingar komu fram varðandi heimasíðu skólans.

4.7 Samantekt á foreldrakönnun Skólapúlsins

Stjórnendur BES eru ánægðir með foreldrasamstarfið en það er ljóst að margt þarf að bæta til að efla ímynd skólans í augum foreldra. Þar skiptir foreldrasamstarf og aðkoma foreldra að námi nemenda höfuðmáli. Skólinn þarf að taka betur á agamálum og setja skýra og sýnilega stefnu í þeim málum.

5.0 Íslenska æskulýðskönnunin

Á skólaárinu 2021-2022 var [Íslenska æskulýðskönnunin](#) lögð fyrir í fyrsta skipti. Undir ÍÆ falla tvær alþjóðlegar rannsóknir. Önnur könnunin er lögð fyrir 4. bekk en hin könnunin fyrir 6., 8. og 10. bekk.

Þátttakendur voru 59 nemendur í Barnaskólanum á Eyrarbakka og Stokkseyri sem svöruðu könnun Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar. Skiptingu þeirra eftir kyni og bekk má sjá í töflunum hér fyrir neðan.

Skipting svarenda eftir bekk


Bekkur	Fjöldi
4. bekkur	17
6. bekkur	13
8. bekkur	15
10. bekkur	14

Skipting svarenda eftir kyni


Kyn	Fjöldi
Strákar	22
Stelpur	36
Stálp (Kynsegin)	1

Í 4. bekk er spurt um almenna þætti í skólastarfi, heilsu og líðan, einelti og meiðsli, en í eldri bekkjunum er bætt við spurningum varðandi reykingar og vímuefni ásamt stuðningi vina.

5.1 Lykiltölur 4. bekkjar



5.2 Lykiltölur 6., 8., og 10. bekkjar



Áfengisneysla

Mynd

Um ævina

Bekkur	Svar	Fjöldi	Hlutfall
6. bekkur	30 daga eða oftar	0	0,0%
	20-29 daga	0	0,0%
	10-19 daga	0	0,0%
	6-9 daga	0	0,0%
	3-5 daga	0	0,0%
	1-2 daga	0	0,0%
	Aldrei	13	100,0%
	Svara ekki	0	—
8. bekkur	30 daga eða oftar	0	0,0%
	20-29 daga	0	0,0%
	10-19 daga	0	0,0%
	6-9 daga	0	0,0%
	3-5 daga	1	7,7%
	1-2 daga	1	7,7%
	Aldrei	11	84,6%
	Svara ekki	2	—
10. bekkur	30 daga eða oftar	4	28,6%
	20-29 daga	0	0,0%
	10-19 daga	1	7,1%
	6-9 daga	1	7,1%
	3-5 daga	1	7,1%
	1-2 daga	3	21,4%
	Aldrei	4	28,6%
	Svara ekki	0	—

Ég get talað við vini mína um mín vandamál

Bekkur	Svar	Fjöldi	Hlutfall
6. bekkur	Mjög sammála	2	15,4%
	6	3	23,1%
	5	3	23,1%
	4	0	0,0%
	3	1	7,7%
	2	0	0,0%
	Mjög ósammála	4	30,8%
	Svara ekki	0	—
8. bekkur	Mjög sammála	3	25,0%
	6	2	16,7%
	5	5	41,7%
	4	1	8,3%
	3	1	8,3%
	2	0	0,0%
	Mjög ósammála	0	0,0%
	Svara ekki	3	—
10. bekkur	Mjög sammála	3	23,1%
	6	5	38,5%
	5	3	23,1%
	4	1	7,7%
	3	0	0,0%
	2	1	7,7%
	Mjög ósammála	0	0,0%
	Svara ekki	1	—

5.3 Samantekt úr íslensku æskulýðskönnuninni

Nemendum í 4. bekk líður almennt vel í skólanum og treysta kennurum vel. Þeim finnst skólamaturninn oftast góður en 35% nemenda segjast oft vera þreytt í skólanum.

Mikinn mun má sjá á milli svara í bekkjunum og nemendur í 8. bekk virðast almennt óánægðari en nemendur í 6. og 10. bekk. Fáir nemendur hafa neytt áfengis um ævina en þó má sjá aukningu þegar nemendur eru komnir í 10. bekk. Nemendur segjast almennt geta rætt sín vandamál við vini sína en þó eru einhverjir sem telja sig ekki eiga vini til að ræða vandamál sín við og er það áberandi í 6. bekk.

6.0 Rannsókn og greining – Ungt fólk 2021

Rannsóknir og greining leggur árlega fyrir könnun í 8. - 10. bekk. Könnunin tekur á líðan nemenda, vímuefnanotkun og samskipti við foreldra.


	2020		2021	
	Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri	Landið	Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri	Landið
Daglegar reykingar	2.9%	0.7%	3.6%	0.8%
Munntóbak 1x eða oftar sl. 30 daga	9.1%	3.7%	7.1%	2.1%
Neftóbak 1x eða oftar sl. 30 daga	6.1%	1.3%	0.0%	1.4%
Drukkið áfengi sl. 30 daga	6.1%	8.0%	7.1%	7.3%
Ölvun um ævina	11.8%	9.6%	21.4%	10.0%
Ölvun sl. 30 daga	3.1%	3.6%	3.6%	3.5%
Kannabis um ævina	5.6%	4.2%	10.7%	4.6%
Dagleg rafrettunotkun	14.3%	4.7%	28.6%	4.8%

Aukning virðist vera á milli ára meðal nemenda í BES í öllum liðum nema í munn- og neftóbaksnotkun sem hefur minnkað milli ára. Nemendur í BES segjast oft eða nær alltaf vera með foreldrum sínum um helgar og á virkum dögum en áberandi fleiri nemendur BES heldur en í Árborg og á landinu segjast hafa verið úti eftir miðnætti einu sinni eða oftar síðastliðna 7 daga.

7.0 Maskínukönnun - vinnustaðagreining Árborgar

Maskína framkvæmdi vinnustaðagreiningu fyrir Sveitarfélagið Árborg í október og fram í nóvember 2021. Markmið könnunarinnar var að kanna viðhorf og líðan starfsmanna hjá sveitarfélaginu í þeim tilgangi að bæta vinnustaði þess. Alls svöruðu 728 starfsmenn könnuninni eða 74,4% allra starfsmanna sveitarfélagsins. Við Barnaskólann á Eyrarbakka og Stokkseyri (BES) var svarhlutfallið 69,6%. Niðurstöður leiddu í ljós að starfsmenn BES eru marktækt ánægðari í sínu starfi heldur en almennt

gengur á vinnustöðum sveitarfélagsins og líður vel í vinnunni. Starfsfólk BES er ánæggt með svigrúmið sem það fær til sjálfstæðra vinnubragða og það upplifir að það fái stuðning og hjálp með verkefni hjá samstarfsfélögum. Samskipti eru góð og fólk upplifir að starfsandinn sé mjög góður. Frá síðustu fyrirlögn vinnustaðagreiningar Maskínu hefur starfsfólk BES farið uppá við á ánægjuvöginni í öllum liðum nema tveimur. Það sem starfsfólk BES telur samkvæmt þessari greiningu að helst þurfi að laga er að skýrt sé til hvers er ætlast af fólki í starfi og yfirmenn séu duglegri við að veita hrós eða viðurkenningu fyrir vel unnin störf. Aðrar gagnrýnis raddir snúa fremur að sveitarfélaginu í heild svo sem hvort fólk sé stolt af því að vinna hjá Árborg og að starfsfólk sveitarfélagsins vinni að sameiginlegu markmiði. Mikil ánægja mældist með stjórnendum skólans og þessi liður fær hærri einkunn en almennt gerist á öðrum vinnustöðum sveitarfélagsins og einkunnin fyrir þennan lið hefur hækkað milli ára.



8.0 Ytra mat

Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri fór í gegnum ytra mat skólaárið 2018-2019 og áfram var unnið eftir umbótaáætlun.

9.0 Samantekt

Markmið sjálfsmats skóla er að huga að endurbótum í skólastarfi. Huga þarf að ýmsum þáttum eins og fram kemur í skýrslu þessari og áætlanir varðandi umbætur eru í undirköflum. Ljóst er að skólaárið var um margt flókið vegna heimsfaraldurs og myglu sem kom upp í fleiri en einni byggingu skólans. Nemendur á unglingastigi voru fluttir á veitingastað og félagsheimili frá áramótum og luku skólaárinu þar. Það voru flóknar aðstæður. Heimilisfræðikennsla fór fram í Hólmaröst við erfiðar aðstæður, tónmenntakennsla var kennd í opnum sal inni í skóla á Stokkseyri og frístund varð að flytja inn í skólann í stofur 1. og 2. bekkjar og á gangana. Þrátt fyrir ofangreint gekk skólastarfið með ágætum, starfsmenn og nemendur skólans sýndu einstaklega mikla lausnamiðun og útsjónarsemi.